

Leikskólinn Vallaból / Reglur um innritun

Samkvæmt 26. gr. laga um leikskóla (90/2008) er sveitarstjórn heimilt að setja reglur um innritun í leikskóla í sveitarfélaginu, enda njóti viðkomandi leikskóli framlags úr sveitarsjóði. Þessar reglur eru annars vegar settar með tilliti til aðstæðna barna og foreldra og hins vegar með tilliti til aðstæðna í leikskóla sveitarfélagsins.

1. Skilyrði fyrir leikskóladvöl barns er að það hafi náð níu mánaða aldri og sé með lögheimili í Húnavatnshreppi. Farið er eftir búsetu forráðamanna samkvæmt þjóðskrá. Foreldrar sem hyggjast flytja í Húnavatnshrepp geta sótt um leikskóladvöl en geta aðeins fengið úthlutað leikskóladvöl þegar lögheimili hefur verið flutt.
2. Sótt er um leikskóladvöl hjá leikskólastjóra. Sækja má um leikskólavist allt árið en miðað er við að umsóknir um skólavist að hausti berist fyrir 1. maí ár hvert. Umsóknir raðast á biðlista eftir kennitölum barna, þau elstu fyrst. Innritun er alfarið í höndum leikskólastjóra þar sem aðstæður í leikskólanum ráða því hvenær leikskólaganga getur hafist.
3. Öllum foreldrum/forráðamönnum barna er heimilt að sækja um leikskóladvöl óháð lögheimili en leikskólavist er ekki úthlutað nema staðfest er að barnið eigi lögheimili í Húnavatnshreppi. Hægt er að sækja um tímabundna undanþágu vegna lögheimils enda liggi fyrir gildar ástæður s.s. námsdvöl, veikindi o.fl. Leggja þarf fram samþykki lögheimilissveitarfélags um greiðslu á hlut Húnavatnshrepps vegna leikskólavistar barnsins og samþykki Húnavatnshrepps um undanþágu frá lögheimili.
4. Börn fá leikskólavist að jafnaði á tímabilinu júní til september vegna leikskólarýma sem losna þegar börn hætta vegna aldurs. Aðrar úthlutanir fara fram jöfnum höndum allt skólaárið þegar rými losna vegna flutninga eða annarra ástæðna. Öllum umsóknum er svarað í byrjun júní með tölvupósti og símtali og óskað eftir staðfestingu innan tveggja vikna. Hafni forráðamenn leikskólaplássis færast umsóknin aftast á biðlista.
5. Húnavatnshreppur áskilur sér rétt til að forgangsraða börnum í leikskóla þegar taka þarf tillit til aðstæðna barna og foreldra og eða til aðstæðna í leikskólanum (Lög um leikskóla, 90/2008 26. gr.). Sækja má um forgang í leikskóla fyrir barn ef sérstakar aðstæður mæla með því. Umsóknum um forgang skal skilað á þar til gerðu eyðublaði. Börn í forgangi raðast á biðlistann eftir kennitölu, þau elstu fyrst. Leikskóladvöl barns með forgang hefst í fyrsta lagi við níu mánaða aldur.

Sækja má um forgang vegna:

- Barna með sérþarfir. Greining þarf að vera fyrirliggjandi frá viðurkerndum greiningaraðilum s.s. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, sálfræðingum og barnalæknum.
- Barna sem eru orðin 4-5 ára.
- Barna einstæðra foreldra.
- Barna sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður.

6. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er einn mánuður og miðast við fyrsta eða fimmtánda dag hvers mánaðar. Uppsögn þarf að berast með skriflegum hætti til leikskólastjóra. Skuldi foreldrar þrjá mánuði er barninu sagt upp leikskóladvöl.
7. Opnunartími leikskólans í Húnavatnshreppi er samkvæmt samþykktum sveitarstjórnar hverju sinni.
8. Hægt er að sækja um breytingar á dvalartíma og skal ósk þar um berast til leikskólastjóra fyrir 15. hvers mánaðar. Þegar unnt er að verða við breytingu tilkynnir leikskólastjóri forráðamönnum það eins fljótt og auðið er. Breytingar miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar og skulu gilda eigi skemur en þrjá mánuði.
9. Mælst er til að hámarks dvalartími barns í leikskóla sé 8 klukkustundir á dag. Dvalarsamningur skal gerður fyrir hvert barn þegar það hefur leikskólagöngu.
10. Gjald fyrir leikskóladvöl barna er í samræmi við gildandi gjaldskrá hverju sinni. Þar má að auki sjá reglur varðandi frítöku og veikindi.
11. Reglur þessar gilda frá 1. maí 2019.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Húnavatnshrepps 11. apríl 2019.

